

70

13. júlí

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um ýms atriði, er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum, frá 16. júlí 1895.

1. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Lundi skal algerlega friðaður á Heimalandi, þar með taldir Heimaklettur, Miðklettur og Yztiklettur, og í öllum úteyjum allan ársins hring, nema frá því 11 vikur eru af sumri og þangað til fullar 15 vikur eru af sumri. Háfa má nota til veiða, en engin önnur veiðarfæri.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum hefir gert samkvæmt lögum nr. 13, 13. apríl 1894, sbr. lög nr. 22, 9. júlí 1909, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. júlí 1937.

Hermann Jónasson.

Vígfús Einarsson.

71

15. júlí

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Skagafjarðarsýslu.

Fyrsti þáttur.

Ákvæði, er taka bæði til kaupsins og sveita.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almennings afnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, bólvirki, svo og um veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um kvikmyndahús og önnur samkomuhús, brýr, skeiðvelli og fjárréttir, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annara samkomuhúsa eða annarstaðar þar sem almenningur kemur saman, skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

3. gr.

Allir, sem fara um götur kaupsins utan gangstétta, hvort heldur eru gangandi, ríðandi, á vagni, í bifreið, á hjólum eða öðrum farkosti, skulu, þá er þeir

mæta einhverjum, eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri götubrún eða gangstéttarbrún, sem auðið er. Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til hægri handar, þó ekki meira en nauðsyn krefur. Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá biða, sem hefir farartæki á vinstri hönd. Þeir sem fara um gangstéttir, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til að víkja út á akbraut, sé hún til vinstri handar.

4. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, blístra, syngja hátt, eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjar reglu eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

5. gr.

Bannað er að hafast að, að óþörfu, nokkuð það, sem raskar næturro manna og enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða aðhafast neitt það, er ónáðar eða móðgar húsbúendur.

6. gr.

Á fjölförnum götum og vegum eða þar, sem hætta getur stafað af, má ekki leika knattleik, paradís, feluleik, „stikk“ eða „klink“, ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða leiki, sem hindra umferðina. Sömuleiðis er bannað að hanga utan á vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um götur eða vegi, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, sem til óþæginda getur orðið.

7. gr.

Ekki má skjóta úr byssu, riffli eða skammbyssu, af boga eða öðrum skotvopnum á eða yfir fjölfarnar götur eða vegi né heldur kveikja í púðri, olíu, benzíni eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum, og ekki kasta frá sér steinum, glerbrotum, snjóköggjum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara. Nauðsynlegar sprengingar við götur, torg eða á almannafæri, má aðeins gera með leyfi lögreglustjóra, og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina hver framkvæmi verkið, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni, má hvorki geyma í íbúðarhúsum né annarstaðar, þar sem hætta stafar af.

8. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið af eða á grimudansleik eða álfadans. Ekki heldur í búningi sem mishýður velsæmi eða raskar almennt reglu. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum, eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

9 gr.

Druknum mönnum, sem finnast ósjálfbjarga eða eru með óspektir á almannafæri, skal ráðstafa á tryggilegan hátt, þar til þeir eru komnir til sjálfs sín aftur. Þeim mönnum, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri, skal ráðstafa á sama hátt þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir þá ennfremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjar friði og reglu, er þeir kunna að hafa valdið með drykkjuskap sínum og ólátum.

71
15. júlí

Enginn má baða sig eða synda nakinn á opinberum baðstöðum eða í sundlaugum fyrir almenning, við bryggjur kaupþúnanna eða annarsstaðar svo nærri landi eða skipum á höfninni að hneyksli valdi.

10. gr.

11. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, ef lögreglan krefst þess.

12. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafði sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr hreppssjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en hreppssjóður á aðgang að hinum seka.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

13. gr.

Enginn maður má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum kaupþúnanna eða snerta á brunaboðum, nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða.

14. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu. Börn yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannafæri. Þó skal börnum 8 ára eða eldri, heimilað að selja dagblöð og fréttablöð og sömuleiðis aðgöngumiða að íþróttasýningum, dagskrár og merki er gilda fyrir sérstaka hátíðisdaga.

15. gr.

Enginn má án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns, láta fyrirberast í umgirtu svæði eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða, né fara inn í hús manna í óleyfi.

16. gr.

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum kaupþúnanna. Byssu skal ávallt bera þannig, að opið viti upp. Gaddhrifur, ljái og aðra slíka hluti, sem tjón getur hlotið af, má eigi flytja eftir götum eða vegum kaupþúnanna nema svo sé um búíð, að engin hætta geti stafað af.

17. gr.

Á alfaraveg má ekki leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðina, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflytninga og skal þess ætíð gætt að það geri sem minnstan farartálma. Að flutningi loknum, skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá eða tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Hreppsnefnd ákveður, í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum vagnar eða bifreiðar megi standa, og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

18. gr.

Á alfaravegi má ekki vinna neina vinnu, sem tálmar umferð manna, eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjótt, telgja tré, járna hesta eða því um líkt, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

19. gr.

71

15. júlí

Ekkert má hafa það í opnum gluggum, sem niður getur fallið á vegi eða götur og valdið skaða þeim, er um fara, og ekki má heldur leggja eða hengja neitt það upp á hús eða hafa laust á húsum uppi, er skaða getur valdið vegfarendum, og bera eigendur og umráðamenn húsanna ábyrgð á þeim skaða, er stafar af hirðuleysi þeirra í þessu efni.

20. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða torg kaupúnanna eða alfaravegi hvar sem er, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalds. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal gæta þess, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir, með nægilega greinilegum ljósum, frá því að fer að skyggja að kveldi og þar til albjart er orðið að morgni. Að öðru leyti gerir hlutaðeigandi stjórnarvald og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess, að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slíkt verk dragast úr hófi fram, getur hlutaðeigandi hreppsnefnd eða lögreglustjóri eða bæði í sameiningu, látið ljúka verkinu og sett götur, torg eða vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

21. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji, eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið, og lagt fyrir eigandann að rífa það, eða endurbæta það svo sem þörf gerist til þess að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Ennfremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans, gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annari gríðingur liggur við falli eða hruni.

Nú er bryggjum, pöllum eða öðrum mannvirkjum svo áfátt, að hætta getur af því stafað fyrir þá, sem um fara, t. d. þegar göt eru á pöllum eða mannvirki fúin, og getur lögreglustjóri þá krafizt þess af eigendum mannvirkjanna, að þeir gangi svo frá þeim að hættulaust sé.

22. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem þau nota, skulu vera áreiðanlegir menn. Lausir stigar mega ekki standa við húsveggi eða önnur mannvirki við alfaravegi eftir að dimmt er orðið. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirskipunum lögreglunnar, hér að lútandi, eru á ábyrgð þess, sem verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

23. gr.

Hvarvetna, þar sem girðingahlið eru á vegum, götum eða stígum, er liggja heim að byggðum býlum, er bannað að hafa yfir þeim þverslár eða strengi, nema svo sé hátt undir, að öruggt sé að ríðandi maður reki sig ekki upp undir. Er það á ábyrgð landseta að þessa sé gætt. Um girðingahlið á vegum og girðingar meðfram vegum, skal að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum gildandi vegalaga.

III. KAFLI

Um reið, lestaflutning og akstur.

24. gr.

Þeir, sem ríða eða aka á almannafæri, skulu gæta allrar varúðar. Fælna hesta má ekki nota fyrir vagni eða sleða. Vagnar eða sleðar með hesti fyrir mega aldrei standa á almannafæri, nema ökumaður eða annar vel hæfur maður gæti hestsins.

71

15. júlí

25. gr.
 Það er með öllu bannað að riða, beita fyrir vagn eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum, horuðum eða sem af öðrum ástæðum eru svo illa á sig komnir, að ekki hafa fullan þrótt.

Hesta má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum eða ólasvipum. Virsvipur, píska eða annað, sem sakað getur hestana, má ekki nota. Aldrei má slá hest í höfuð, fætur eða nára.

26. gr.

Ríðandi mönnum, lestimönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi, og jafnvel út af götum eða vegum fyrir vögnum, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti.

27. gr.

Það er bannað að riða eða aka á móti skróðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá.

28. gr.

Vegfarendur, hvort heldur eru gangandi, ríðandi eða akandi eða á hjóli, skulu halda sér, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi vegarins eingöngu, og þá er þeir mæta einhverjum eða einhver vill komast fram fyrir þá, þá svo nærri vegbrún sem auðið er.

Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til hægri handar, þó ekki meira en nauðsyn krefur.

Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefir farartæki á vinstri hönd.

Þessi regla leysir vegfarendur þó ekki undan þeirri skyldu að sýna fyllstu nærgætni og varkárni við vegamót þótt þeir eigi umferðaréttinn.

29. gr.

Slökkviliðið er undanskilið ákvæðum þessarar samþykktar um vagna. Allir eru skyldir að víkja úr vegi fyrir því svo fljótt sem auðið er. Sama gildir um sjúkragagna.

IV. KAFLI

Um bifreiðar.

30. gr.

Bifreið nefnist í samþykkt þessari hvert það ökutæki, sem knúð er áfram af aflvél í ökutækinu sjálfu, og ætlað er til að flytja fólk eða varning. Samþykktin nær þó ekki til vagna, sem renna á spori, eða ökutækja sem notuð eru eingöngu af slökkviliði.

31. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum og einstökum götum kauptúnanna, ef slík umferð ályzt hættuleg, eða til sérstakra óþæginda fyrir umferð, og á vorin meðan klaka leysir úr jörðu.

Sömu leiðis getur lögreglustjóri bannað eða takmarkað bifreiðaferðir innan kauptúnanna að næturlagi.

32. gr.

Um gerð bifreiða fer eftir lögum um notkun bifreiða, nr. 70, 8. sept. 1931, reglugerð nr. 132, 28. des. 1936 og reglugerð frá 24. júní 1937 eða þeim lögum og reglugerðum, er síðar kunna að verða settar þar að lútandi.

Ljós skal jafnan tendra á bifreiðum, þegar skyggja tekur og ávallt hafa þau tendruð, er þær eru á ferð, frá því birtu bregður að kvöldi og þangað til albjart er orðið að morgni. 71 15. júlí

Lögreglustjóri ákveður nánar um ljósanotkun bifreiða ef þurfa þykir.

33. gr.

Sérhver bifreiðaeigandi, sem búsettur er innan Skagafjarðarsýslu, skal senda lögreglustjóra tilkynningu um bifreið sína, áður en hún er tekin til notkunar. Lögreglustjóri lætur skoða bifreiðina og greiðir bifreiðaeigandi kostnaðinn. Fullnægi bifreiðin ákvæðum þessarar samþykktar, skrásetur lögreglustjóri hana og afhendir eiganda merki með áletruðu K og tölumerki, sem fest skal aftan á bifreiðina, svo að sjáist greinilega, og má ekki taka það af henni, eða hylja á nokkurn hátt, meðan bifreiðin er notuð. Engin önnur merki mega vera aftan á bifreið, sem skrásett er hér í umdæminu. Verði eigandaskipti að bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra.

Lögreglustjóri ákveður hve margir menn mega vera í einu í bifreið, ef hún er ætluð til að flytja farþega fyrir borgun, og mega aldrei vera í henni fleiri menn, enda skal bifreiðastjóri ávallt hafa meðferðis skirteini lögreglustjóra, er tiltekur farþegafjölda. Í hverri slíkri bifreið skulu vera til sýnis öll gildandi ákvæði laga og reglugerða um bifreiðar.

34. gr.

Bifreiðarstjóri skal hafa einkennishúfu á höfði, og framan á henni skulu standa skrásetningarstafir þess umdæmis, þar sem hann hefir fengið ökuskirteini og tölumerki skirteinis hans. Bifreiðastjóri má ekki neyta áfengra drykkja, eða vera undir áhrifum áfengra drykkja við bifreiðaaftur.

35. gr.

Ökuhraða bifreiða skal ávallt tempru svo, að komist verði hjá slysum, og þannig að umferð um götur og vegi sé ekki trufluð. Þar sem bifreiðastjóri sér skammt frá sér, í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem vegur er sleipur, og þar sem mikil umferð er, skal gæta sérstakrar varúðar og má þar aldrei aka hraðara en svo, að stöðva megi bifreiðina þegar í stað.

Innan kauptúnanna má ökuhraði bifreiða aldrei fara fram úr 18 kílómetrum á klukkustund. Sé for eða bleyta á götu innan kauptúnanna, skal aka svo að ekki slettist á vegfarendur né gangstéttir.

36. gr.

Ef bifreið mætir vögnum eða vegfarendum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar til hinir komast fram hjá henni.

37. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð þegar hætt er við árekstri, og ávallt áður en farið er fyrir götuhorn eða yfir gatnamót, og er hann ekur bifreiðinni aftur á bak. Hætta skal hann að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða óróir, og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum. Bifreiðastjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að gera eigi hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum; þeir bera ábyrgð á því, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða.

38. gr.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun bifreiða, skal bifreiðarstjóri þegar stöðva bifreiðina, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafizt, og hjálpa þeim er slasazt hefir, ef þörf gerist.

- 71 Ef hestur fælist eða verður órór, skal bifreiðarstjóri þegar í stað stöðva bifreiðina og gangvél hennar. Bifreiðarstjóri skal ávallt stöðva bifreið sína, ef lögreglan gefur honum merki um að nema staðar.

39. gr.

Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum sýslunefndar, bannað eða takmarkað umferð bifreiða eftir ákveðnum vegum eða vegaköflum til og frá skilaréttum, á meðan fjársafn er rekið til réttar, eða aðalrekstrar fara frá réttum eftir veginum. Jafnan skulu hér að lútandi ákvarðanir auglýstar almenningi í tæka tíð.

Undanþegnir þessu umferðabanni eru þó lækna- og sjúkrabifreiðar og aðkomu-bifreiðar, er heima eiga utan lögsagnarumdæmisins.

40. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum bifreiðalaganna, og reglugerðum þeim, sem settar eru eða settar verða, samkvæmt þeim lögum um notkun bifreiða.

V. KAFLI

Um reiðhjól.

41. gr.

Á hverju reiðhjóli, sem notað er, skal vera hjalla, sem gefur hvelld hljóð, og skulu hjólreiðamenn láta til hennar heyra ef hætt er við árekstri og ætíð áður en þeir fara fyrir húsdyr, horn eða gatnamót. Skyld er þeim að hafa ljósker á reiðhjólunum, er snúi fram og lýsi fram undan sér, og hafa þau tendruð er þeir eru á ferð, frá því skyggja tekur að kveldi og þar til hjart er orðið að morgni.

Ökuhraði reiðhjóla má aldrei vera meiri en 20 kílómetrar á klukkustund. Þar sem gæta þarf sérstakrar varúðar má aldrei aka hraðara en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Á hjólum mega aldrei vera fleiri menn en hjólin eru gerð fyrir. Skyld er hjólreiðamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því að hestur fælist eða gerist órór. Ef slys vill til, sem stafar af, eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólreiðamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi ef þess er krafizt, og hjálpa þeim, sem slasast hefir ef þörf gerist. Hjólreiðamaður skal þegar nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það. Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þeim, sem er yngri en 14 ára.

42. gr.

Á götum kaupþúnanna má ökuhraði á hjólum ekki vera meiri en 18 kílómetrar á klukkustund. Sé for eða bleyta á götunni, skal aka svo að ekki slettist á aðra vegfarendur né á gangstéttina.

VI. KAFLI

Almenn ákvæði um fjallskil og ágang búpenings.

43. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil, fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Skagafjarðarsýslu nr. 89, 16. ágúst 1935, eins og þau nú eru eða síðar kynnu að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfénaðar síns, geitpenings, hrossa og annara gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum, túnnum, ökrum og matjurtagörðum annara. Bæti eigandi eða umráðamaður pen-

ingsins skaðann, ásamt aföllnum kostnaði, eftir því hvort eignar- eða leigupeningur hefir valdið honum. Um ákvörðun skaðabóta skal fara eftir mati úttektarmanna, nema öðruvísi sé ákveðið í fjallskilareglugerðinni eða lögum. 71
15. júlí

VII. KAFLI

Um friðun almenningseigna.

44. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla almenningseignum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, vatnsveitumannvirki, byggingar, raf-áhöld, rafþræðir, ljósker, bryggjur, bryggjuáhöld, simar, brunaboðar, björgunartæki eða annað, sem ætlað er til almennings nota. Sama gildir um víðvarpsútbúnað einstakra manna.

45. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar, neitt það, sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óprýði. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um afgirta garða, reiti, tún eða önnur mannvirki. Það er bannað að klifra yfir þær eða fara í gegn um þær, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Enginn má á nokkurn hátt visvitandi spilla nokkrum eignum sýslubúa. Komi slíkt fyrir, skal sá er veldur, bæta fullum bótum þann skaða, sem hann gerir.

46. gr.

Enginn má skemma, troða eða annan hátt ræktuðum blettum, túnum, engjum, matjurtagörðum eða skrudgörðum manna, hvort sem girt er eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur, né á nokkurn hátt spilla neinu í grafreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla, né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður.

47. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta eða tileinka sér neinar nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði, fugla, fiska eða annað, án leyfis landráðanda.

Þó mega ferðamenn hagnýta sér hagabeit og berjatöku til neyzlu á staðnum um stundarsakir, meðan á áning eða hvíld stendur.

48. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði, eða þar sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan sýslunnar. Ber að rætta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósunr, flöskum, bréfum og matarleyfum og öðru þvilíku, áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja ruslið í gróf eða gjótu eða flytja það burt.

Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eiða eða spilla gróðri með lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.

VIII. KAFLI

Um uppfestar auglýsingar.

49. gr.

Hreppsnefnd ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnarvöldum, og skal hún á kostnað sveitarsjóðs útvega í því skyni spjöld, svo mörg, sem þurfa þykir.

- 71 Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöngva og aðrar skemmtanir, sem 15. júlí leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

50. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, ríssa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinna eða gera ólæsilegar á annan hátt.

IX. KAFLI

Um veitingastaði, samkomuhús og skemmtanir.

51. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gístaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gístaðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

52. gr.

Hverjum sem hefir veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

53. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

54. gr.

Allir almennir veitingastaðir og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11½ að kvöldi til kl. 6 að morgni og allir gestir sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út, ekki síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Heimilt er félögum að halda þar samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir, sem ekki eru bundnar við neinn sérstakan lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Sama gildir um brúðkaup og samsæti einstakra tiltekinna manna.

55. gr.

Við hvert veitingahús eða almennt samkomuhús skal eigandinn láta gera náðhús og salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu.

56. gr.

Vilji nokkur halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleiki, söngskemmtun, íþróttasýningu, myndasýningu o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða seldur aðgangur að, eða til að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess leita leyfis lögreglunnar. Lögreglustjóri veitir slík leyfi innan Sauðárkrókshrepps, en hreppstjórar annarsstaðar í lögsagnarumdæminu, hver innan síns hrepps.

Lögreglustjóri og hreppstjórar ákveða gjald fyrir leyfið, lögum samkvæmt, er rennur í sveitarsjóð.

Leyfishafa skal skylt að hlýða þeim fyrirmælum, sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýða fyrir-

mælum heilbrigðisnefndar um ræsting og hreinlæti í húsrúminu, enda skal það ávallt nýræst er samkoman byrjar og nægileg hrákailát til staðar.

Sé samkomunni ætlað að standa fram á nótt, (milli kl. 11½ að kvöldi til kl. 6 að morgni) skal hreppstjóri því aðeins veita leyfið, að hann treysti umsækjanda til að gæta í öllu góðrar reglu og velsæmis á samkomunni, enda hafi umsækjandi á sinn kostnað tryggt sér menn, er hreppstjóra geti verið til aðstoðar við eftirlit í þessu efni allan samkomutímann.

Fari nokkuð það fram, er brýtur í bág við reglu og velsæmi, er lögregluvaldinu heimilt að láta slíta samkomunni.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

57. gr.

Sérhverjum er sjúkling hefir á heimili sínu, er heimilt að fá bannað, að almennar samkomur, sem háreysti geta valdið, séu haldnir svo nærri húsi hans, að hætta geti stafað af fyrir ónæði.

58. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar og lögreglustjóra, og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Hreppsnefnd ákveður hve mikið gjald skuli greiða í sveitarsjóð fyrir leyfið, annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu.

Lögreglustjóri getur veitt leyfi til að halda einstakar kvikmyndasýningar, og ákveður hann þá gjaldið í sveitarsjóð.

59. gr.

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi lögreglustjóra eru siðspillandi, hvort sem það eru skuggamyndir eða kvikmyndir, getur lögreglustjóri bannað að sýna þær. Barnaverndarnefnd getur og bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft vond áhrif á þau.

X. KAFLI

Um samgöngur við skip.

60. gr.

Lögreglustjóri hefir heimild til, ef hann telur þess þörf, til tryggingar góðri reglu og velsæmi, að gefa út fyrirskipanir um bönn gegn samgöngum við skip, er koma frá útlöndum eða eru útlend, en skýra skal þegar í stað stjórnarráðinu frá slíkum fyrirskipunum og hönnum.

XI. KAFLI

Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

61. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neyzluvatni manna, hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða lindum eða vatnsleiðslum eða í þróm eða brunnum.

Vatnsból skulu vel varin fyrir öllum óþrifnaði, og þess stranglega gætt að skolpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

Fataþvottur eða önnur skarnhreinsun má ekki eiga sér stað svo nálægt brunnum að nokkur hætta sé á, að neyzluvatn saurgist af.

71

15. júlí

Stampa, opnar tunnur, föt eða önnur ílát með lifur, grút eða slori eða því um líku, má ekki láta standa á almannafæri, né hafa nokkuð laust eða í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

Safngryfjur og forir skulu vera þaktar, svo engan ódaun leggi af þeim og svo vel umgirtar, að engin hætta geti af stafað fyrir menn eða skepnur.

Skýlt er að hafa salerni við hvert íbúðarhús innan kaптúnanna og á hverju býli í sveitum, ennfremur skal skýlt að hafa þvaghús við hvert samkomuhús.

62. gr.

Bannað er að hella skolpi, sem fiskur eða annað hefir verið þvegið úr, á götu eða almannafæri, ekki má heldur hella þar eða skilja eftir neitt það, er óþrifnaði veldur.

For, slor og annað þvilíkt skal jafnan flytja í heldum ílátum eða vögnum um götur og alfaravegi og skal sá, er á, eða sá, sem flytur, hreinsa upp, ef niður á götuna fer.

63. gr.

Skepnur má ekki slátra á eða við götu eða á almannafæri yfirleitt, heldur skal það gert að húsabaki eða innan girðingar, og skal þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki blóðvöllinn, og að hann sé hreinsaður undir eins að slátrun lokinni.

Bannað er að láta hunda komast á blóðvöll, þegar slátrað er sauðfénaði. Brot gegn banni þessu er á ábyrgð hlutaðeigandi hús- eða landráðanda.

64. gr.

Við hvert slátruhús skulu vera nægilega mörg ílát undir innanmeið og þannig fyrir komið, að öruggt sé að hundar nái ekki að éta úr þeim. Við heimaslátrun skal hafa á blóðvellingnum ílát með loki undir sulli og innanmeið. Að lokinni hverri slátrun skal annað hvort brenna þessi sollnu líffæri eða grafa þau, minnst fullan metra í jörðu niður. Annars skulu slátruhússtjórar og aðrir, sem við slátrun fást, fara eftir fyrirskipunum héraðslækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

65. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa hver í sínum hreppi eftirlit með öllu því, sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum, sem nú gilda fyrir einstaka hreppa sýslunnar, eða þeim heilbrigðissamþykktum, er síðar kunna að verða settar fyrir hreppa sýslunnar.

Annar þáttur.

Viðaukaákvæði, er taka til Sauðárkrókshrepps og Hofsóskauptúns eftir því sem við á.

XII. KAFLI

Sérakvarðanir um umferðina innan kaптúnanna.

66. gr.

Stéttir meðfram götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Þeir, sem fara um gangstéttir eða götur, skulu jafnan vikja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til að vikja af gangstétt á akbraut þó hún sé til vinstri. Við krossgötur skal, ef þörf gerist, sá bíða sem er til vinstri handar.

68. gr.

Eigi má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahýði, pappírusrusli eða öðru þess konar á almannafæri eða í opin göturæsi, né heldur skvetta þar skólpi eða öðru, er valdið getur hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur.

Bannað er að hrista gólfábreiður, viðra sængurföt eða hengja þvott eða annað til þerris á götu, torg eða almannafæri.

69. gr.

Þegar hús eru byggð að nýju, eða eldri hús rifin og byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að afstýra hættu, farartálma eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og má ekki liggja þar lengur, en nauðsyn krefur. Mold, mól, leyfar af verkefni og annað, sem af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu, þegar húsgerðinni er svo langt komið eða verki því, sem unnið er að, að því verði við komið.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er flutt í burtu, án þess að annað sé gert í staðinn, og er þá eiganda eða umboðsmanni hans, skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

70. gr.

Palla, stoðir og annan útbúnað við húsasmíðar eða önnur mannvirki, eða viðgerðir á heim, skal gera nægilega traust. Heimilt er lögreglunni að gera ráðstafanir hér að lútandi. Lausir stigar, sem notaðir eru við aðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir, og kjálkarnir búnir jarngöddum að neðan, ef stiginn er meira en 4 metrar á lengd.

71. gr.

Nú gengur kjallaragangrið út að stétt eða götu og lengra fram en húshlið, og skal þá vera traust handrið beggja megin við það. Auk þess getur lögreglustjóri krafizt, að kjallaraopið sé byrgt með hlemm eða hlera, frá því að dimmir að kvöldi, þar til birtir að morgni. Í kring um birtugrófir við stétt eða götu, skal setja handrið úr járn eða öðrum málm, eða nægilega sterkar jarngrindur yfir, jafnhátt stéttinni eða götunni. Handrið samkvæmt þessari grein, mega ekki vera lengri en 60 cm.

72. gr.

Sporbrautir, sem liggja eftir götu endilangt eða yfir, skulu því aðeins leyfðar, að þær að dómi hreppsnefndar séu taldar nauðsynlegar. Skulu allar slíkar sporbrautir felldar niður í veginn þannig, að þær valdi ekki farartálma fyrir vegfarendur. — Þar sem sporbrautir liggja eftir götu eða yfir, skulu þeir er með vagnana fara, gæta þess, að ekki hljóttist tjón af, enda er slíkt á ábyrgð eiganda eða umráðamanna og þeirra, sem með fara, þá er slys ber að höndum. Geti sá, er með vagninn fer, ekki bætt tjónið, ber eiganda eða umráðamanni að gera það.

73. gr.

Þakjárn, sem notað er yfir fiskstakka, skal bundið eða á annan hátt fest svo vel, að það fjúki ekki af í stormi.

Bannað er að hafa þakjárn, eða parta af þakjárn, laust úti, og hafa eigendur ábyrgð á, að slíkt ekki fjúki öðrum til tjóns eða meiðsla. Sama gildir og um spítarusl og annað þess háttar, sem meiðslum eða skemmdum getur valdið, ef fýkur.

71

15. júlí

Báta eða annað, má aldrei setja á vegi, stræti eða annan alfaraveg eða svo nærri, að nokkur hluti þess gangi inn á veginn eða yfir hann, og getur hreppsnefnd og lög-reglustjóri, eða hvort um sig, látið færa slíka muni burtu á kostnað umráðamanns, ef hann ekki gerir það sjálfur, eftir að hafa verið aðvaraður.

74. gr.

Í fjörunni má ekki skilja eftir eða kasta seglfestu grjóti, eða neinu öðru, er tjóni getur valdið skipum eða bátum, eða á nokkurn hátt hindrað umferð.

XIII. KAFLI

Um umferð á götum kaptúnanna.

75. gr.

Pað er stranglega bannað, að ríða hraðar en hægt brokk á götum kaptúnanna, og eru þeir, sem ríða og aka, skyldir að gera fótgangandi mönnum, sem á undan eru, aðvart í tæka tíð.

76. gr.

Lausa hesta skal jafnan reka hægt og gætilega um götur kaptúnanna, og aldrei má siga hundum á skepnur nærri götu. Hvorki fælna sé heldur slæga hesta má reka um göturnar.

Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunni en nauðsynlegt er til að taka ofan af þeim eða láta upp klyfjar.

Hestar í kaptúninu, ef þeir eru þar staddir, skulu ávallt hýstir um nætur á vetrum.

77. gr.

Með vagna og hesta skal fara svo nærri vegbrún eða gangstétt til vinstri handar sem auðið er. Um götuhorn skal ekið í kröppum boga, ef snúið er til vinstri handar, en í löngum boga, ef snúið er til hægri. Á götuhornum og gatnamótum er bannað að aka fram fyrir vagn eða hest, sem á undan fer. Sömuleiðis er bannað að nema staðar með hest eða vagn á gatnamótum eða fast við þau, eða nema staðar, þar sem hestur eða vagn heldur kyrru fyrir beint á móti, hinu megin á götunni.

78. gr.

Á almannafæri má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn eða annað ökutæki. Láti nokkur hest standa fyrir hlöðnum sleða, vagni eða undir klyfjum, lengur en brýn nauðsyn krefur, getur lögreglan látið taka hest frá vagni og undan klyfjum, og komið þeim til varðveislu á kostnað þess, er flutningnum stýrir.

Hesta má aldrei binda úti við í kaptúninu, né láta þá standa í réttum í köldu veðri, eða óhæfilega lengi að dómi lögreglunnar, þó að gott sé veður. Getur lögreglan tekið slíka hesta til varðveislu á kostnað umráðamanns.

Ferðamenn með hesta, sem viðdvöl hafa í kaptúninu, skulu tafarlaust koma hestum sínum í hús eða haga, eftir tilvísun lögreglunnar, nema þeir hafi leyfi til að geyma þá á afgirtum túnlóðum einstakra manna.

XIV. KAFLI

Um skepnuhald o. fl. í Sauðárkrókshreppi.

71

15. júlí

80. gr.

Hæns eða aðra alifugla má ekki hafa nema þeir séu í afgirtu svæði eða tryggri vörzlu, svo að þeir geti ekki gert öðrum óskunda.

81. gr.

Það er á ábyrgð eiganda, að sauðfé, geitfé eða aðrir gripir þeirra geri engan óskunda eða skaða í kaптúninu eða grennd þess, hvorki skemmi neitt eða fari inn í afgirt svæði, tún, matjurtagarða, skrudgarða eða trufli svefnfrið manna með hávaða, enda getur sá, sem fyrir ágangi verður, handsamað slíka gripri til bráðabirgði, en þá skal hann undir eins skýra lögreglustjóra frá því og öðrum málavöxtum. Sérstaklega ber að hafa strangt eftirlit með þessu frá 20. maí til 20. september árlega. Á þeim tíma má búfénaður ekki ganga laus í kaптúninu, eða um það, nema maður fylgi til að gæta hans, eða hann sé í öruggri vörzlu.

Eftir almennan rúningstíma að vorinu má ekki hafa sauðfé, kiðlinga eða hross innan heimalands kaптúnsins, nema hreppsnefnd veiti undanþágu. Ennfremur er óheimilt að beita nokkurri skepnu í kúaland kaптúnsins, nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar. Eigendum geitfjár er skylt að láta alt geitfé ganga með sérstöku leyfi nema í gæzlu sé. Nú finnst geitfé grindarlaust, án gæzlu, og valdi það ágangi, er lögreglunni þá rétt og skylt að láta handsama það og lóga því, sé um ítrekað brot að ræða. Sama gildir um sauðfé, sem mjög er til skemmda í gördum eða öðrum ræktunarlöndum. Ef út af þessu er brugðið varðar það eigandann sektum, og ennfremur ber honum að greiða allan kostnað við handsömun og varðveislu fénaðarins. Selja má fénaðinn til lúkningar þessum kostnaði, ef eigandi greiðir hann ekki.

82. gr.

Enginn má láta hesta sína ganga lausa um götur bæjarins. Lausa hesta á flækningi um götuna ber lögreglunni að handasama, og ráðstafa á kostnað eiganda.

83. gr.

Naut, sem farið er með um göturnar, skulu ætíð leidd nægilega traustu bandi, og minnsta kosti tveir menn fylgi hverju nauti ársgömlu eða eldra. Ekki mega naut standa úti á götu eða stræti gæzlulaus. Naut hálfis árs og eldri mega alls ekki ganga saman við kýr kaптúnsins.

84. gr.

Enginn maður má siga hundum á annan. eða láta fyrirfarast að aftra því þegar hann verður var við að hundur ræðst á mann, ef honum er það unnt án þess að stofna sér í háska. — Hundar sem ráðast á menn eða elta skepnur út um hagann, eru réttdræpir, hvar sem þeir sjást úti. Hundar mega ekki vera lausir um nætur, svo nokkru ónæði valdi íbúum kaптúnsins. — Flækingshunda, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum, ef enginn vill taka þá að sér.

85. gr.

Skyllt er hreppsnefnd að láta rannsaka einu sinni á ári hvað margir hundar eru í kaптúninu, og skal hún ákveða, hverjir skulu taldir nauðsynja hundar. Einnig er þeim skylt að hafa eftirlit með því, að hundaeigendur komi hundum sínum til lækninga á hausti hverju, samkvæmt því, sem mælt er fyrir í reglugerð um lækningu hunda af bandormum.

71

15. júlí

Skýlt er öllum að hlýða fyrirmælum hreppsnefndar um hagbeit í landi kaupsins, bæði hvernig hagbeit skuli hagað og gjöldum fyrir hana. Á slíkum gjöldum er lögtaksréttur.

86. gr.

Um sauðfjárrekstra og hrossarekstra, sem koma til kaupsins til útflutnings eða til slátrunar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir sem nauðsynlegar þykja, til að afstýra farartálma eða hættu fyrir börn og aðra vegfarendur.

XV. KAFLI

Um mannvirki og lóðir í Sauðárkrókshreppi.

88. gr.

Enginn má byggja á landi hreppsins neinskonar hús, hvorki til íbúðar, atvinnu, geymslu eða fyrir skepnur, hvorki á lóðum einstakra manna, hvort sem lóðarhafi sjálfur vill byggja eða annar, né á leigðum lóðum, nema með leyfi byggingarnefndar og eftir fyrirmælum hennar. Sama gildir um fiskireiti, girðingar eða önnur mannvirki.

Mannvirki við höfnina má enginn gera nema eftir tillögum hafnarnefndar og með leyfi hreppsnefndar. Gaddavirsgirðingar með fram vegum kaupsins skal leggja niður svo fljótt sem því verður við komið, eftir nánari fyrirmælum hreppsnefndar.

89. gr.

Enginn má í landi hreppsins rista torf eða streng, stinga hnausa, rífa hrís eða lyng, nytja slægjur eða taka grjót, sand eða mól án leyfis og tilvísunar hreppsnefndar.

90. gr.

Skýlt er hverjum, er tekur mó í landi hreppsins, að ganga svo frá gröfum og haga greftri svo, að ekki stafi hætta af, enda má enginn taka upp mó í landi kaupsins, nema með leyfi og eftir tilvísun hreppsnefndar eða umboðsmanns hennar.

91. gr.

Enginn má án leyfis hreppsnefndar stífla læki eða ár í landi hreppsins, breyta farvegi þeirra eða leiða úr þeim kvíslar.

Nú er einhverjum leyft þetta, og er hann skyldur til að gæta þess, að vatn það, sem hann leiðir, valdi ekki tjóni eða óþægindum.

XVI. KAFLI

Um eftirlit með börnum í kaupstúnum.

92. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skýlt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri síðar en kl. 9 á kvöldin á tímabilinu frá 1. okt. til 1. marz, ekki seinna en kl. 10 frá 1. marz til 30. apríl og ekki seinna en kl. 11 frá 1. maí til 30. sept., nema þau séu í fylgd með fullorðnum.

Lögreglan getur bannað börnum, sem ekki ganga þar til vinnu, né eiga erindi, að vera á bryggjum kaupsins eða síldarpöllum þegar verið er við síldarvinnu eða upp- og útskipun.

Á dansleikjum mega börn innan 13 ára ekki vera lengur en til kl. 12 að kveldi. **71**
 Börn, yngri en 13 ára, mega ekki hafast við í grafreit Sauðárkrókskaupþúns, nema 15. júlí
 þau séu í fylgd með fullorðnum, sem ber ábyrgð á framferði þeirra.

XVII. KAFLI

Um almennt hreinlæti í Sauðárkrókskaupþúni.

93. gr.

Á almannafæri má ekki kasta hræjum, slógi, ösku, sorpi, skolpi eða öðrum óhreinindum. Allt slíkt, svo sem innýfli úr skepnum, sem eigi eru notuð, skal láta í gryfjur þær, sem mykja og annar áburður er látinn í.

Skyldur er hver húsráðandi, við götur bæjarins, að sjá um að haldið sé hreinum portum og annari óbyggðri lóð kring um hús hans. Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns, eða orsaka að slíkt berist á lóðina.

Hey, mó eða áburð eða annað þesskonar, sem slæðist eða hrynur af flutningi á göturnar, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa samdægurs.

Nú eru settar safngryfjur eða safnkassar á ýmsum stöðum í kaupþúninu, og eru menn þá skyldir til, ef hreppsnefnd ákveður svo, að setja slor og annan fiskúrgang í safngryfjur eða safnkassa þessa, ef þeir eigi nota það sjálfir.

94. gr.

Áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um göturnar í lokuðum vögnum, vel þéttum. Má eigi fylla þá svo, að úr þeim hrynji á meðan á flutningnum stendur.

95. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt, má ekki hafa í nánd við götur, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, nema í gryfjum nægilega byrgðum, og skal þá hafa til þess leyfi heilbrigðisnefndar.

96. gr.

Á húshliðum eða göflum, sem vita að götum, strætum eða torgum, má ekki hengja á nagla, eða festa á annan hátt neinskonar fiskiföng eða annað, sem óþrifnaður er að eða óþefur, og ekki má heldur hafa fisktrönur á almannafæri.

97. gr.

Í opin ræsi má ekki kasta neinu því, sem óhollnustu getur valdið, eða stíflað rennurnar. Eigi má kasta rusli eða grjóti, sandi eða öðru þess háttar í Sauðána, er stýflað getur eða grynnkað og fyllt farveg hennar.

Þriðji þáttur.

Almenn ákvæði.

XVIII. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar og hvernig henni skuli beitt.

98. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Skagafjarðarsýslu.

99. gr.

Þegar talað er um kaupþúnin í samþykkt þessari, er átt við Sauðárkrók og Hofsó.

71 15. júlí Ákvæðum þeim í fyrsta þætti samþykktarinnar, sem sérstaklega er tekið fram um að taki til kauptúnanna, skal því aðeins beita utan verzlunarlóðar þeirra, að það þyki við eiga, eða því verði við komið. Öðrum ákvæðum fyrsta þáttar skal beitt jafn í sveitum og kauptúnum, eftir því sem við á.

Ákvæðum í öðrum þætti skal beita samkvæmt fyrir sögn hans og eftir því sem fyrir er mælt í fyrir sögn hvers kafla.

100. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa gætur á að fyrir mælum samþykktar þessarar sé hlýtt, og ástunda að koma í veg fyrir brot á henni.

Komist hreppstjóri að því, að brot sé framið, skal hann jafnskjótt kynna sér málavöxtu, og senda lögreglustjóra skýrslu um málið án tafar.

XIX. KAFLI

Um hegningarákvæði, kostnað o. fl.

101. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið sem almenn lög-reglumál.

102. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum.

Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina en ekki barninu.

Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á tilkall til, skal upptækur ger og renna auk sekta í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brot er framið. Nú hefir maður drýgt brot í fleirum en einum hreppi, sem refsað er fyrir í sama máli, og rennur þá sekt hans og upptækur hagnaður í sýslusjóð.

103. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir, eða lætur gera til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir sveitarsjóður þess hrepps, þar er ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

104. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari, og ekki verður krafizt af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefir verið kostað.

Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. júlí 1937.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.